

BRÁÐABIRGÐALÖG

82

26. sept.

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að óhjákvæmileg nauðsyn sé, vegna mjög erfiðra afkomuskilyrða sérleyfishafa á flestum sérleyfisleiðum, að sérleyfisgjöld samkvæmt lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, verði lækkuð úr 7% í 3% af fargjöldum í farþegaflutningum með sérleyfisbifreiðum, og gildi lækkunin frá síðustu áramótum.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í 6. gr. laganna, í stað „7% — sjö af hundraði —“ komi: 3% — þrjár af hundraði —.

2. gr.

Sérleyfisgjaldið skal frá 1. janúar 1951 að telja innheimt þannig breytt, eins og segir í 1. gr. bráðabirgðalaga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. september 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

83

10. sept.

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 47/1942 fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu ráðuneytisins fallizt á eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 47/1942 fyrir Háskóla Íslands:

32. gr. 5. liður orðist svo:

Íslenska, danska, sænska, norska, enska, þýzka, franska, latína, gríska, Íslands-saga, mannkynssaga, mannkynssaga og Íslandssaga, landafræði og jarðfræði, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði (líffræði, jurtafræði, dýrafræði og mannfræði), uppeldisfræði (sálar-, uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar). Kennslan miðar að því að veita stúdentum haldgóða þekkingu í þessum fræðigreinum í því skyni, að þeir geti lokið B-A-prófi samkvæmt 52. gr.

50. gr. 2. málsgrein orðist svo:

Próf þetta þurfa þó ekki að taka stúdentar verkfræðideildar né þeir stúdentar